

X. KAFLI  
Sektarákvæði o. fl.

202

31. okt.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Blönduóshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 15. nóvember 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1939.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

**AUGLÝSING**

203

1. nóv.

um breytingu á lyfsöluskrá.

Frá 1. nóv. þ. á. hækkar verð erlendra sérlyfja (verksmiðjulyfja) þannig, að það verður 30% hærra en greint er í lyfsöluskrá II frá 20. septbr. 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóv. 1937 og 4. ágúst 1938. Jafnframt falla úr gildi ákvæði auglýsingar frá 9. júní 1939.

Öll önnur lyf hækka um 10% frá greindu verði í lyfsöluskrá I frá 15. des. 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóv. 1937 og 4. ágúst 1938.

Umbúðir löggiltra (officinel) lyfja hækka um 10% frá sama tíma.  
Verð á afgreiðslu og tilbúning lyfja helzt óbreytt.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 1. nóvember 1939.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

204

4. nóv.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd á Akureyri.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933 um bryting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

**REGLUGERÐ**

um barnavernd á Akureyri.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Akureyrar er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það, eða stuðla að því að þau neyti þess, eða hafi það um hönd.